

| heilsa | börn | tíska | matur | menning | tónlist | stjörnuspa | tíðarandi |

birta

fyrir hnakka og trefla

LÉTTTSVEITIN
» á leið til Kúbu

HNÉBUXUR
» fyrir vorið

MAMMÚT

» Ekki bara ung og efnileg hljómsveit

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
17. febrúar - 23. febrúar

L' O R



CLAUDIA SCHIFFER

É

A

L
P A R I S

DERMO-EXPERTISE

Nú þurfa svipbrigði ekki lengur
að setja mark sitt á andlit þitt!

WRINKLE DE-CREASE

Sléttandi dagkrem við hrukkum.

DREGUR ÚR SVIPBRIGÐAHRUKKUM OG GEFUR ANDLITINU YNGRA ÚTLIT.

Þú hlærð eða setur í brýrnar... Við það dregst húðin saman og hún hrukkast og myndar djúpar línur við augu og enni. WRINKLE DE-CREASE inniheldur nýjustu uppfinningu L'Oréal, efnið BOSWELOX, en það býr yfir mildum og róandi áhrifum á húðina þannig að hún slakar á og hrukkur verða ósýnilegri. Rannsóknir sýna að **76%** kvenna sem prófuðu upplifðu góðan árangur með WRINKLE DE-CREASE.

76%¹ : sýnilegur árangur á broshrukkur.

70%² : sýnileg slakandi áhrif á samdrátt í andlitinu.

28%³ : sýnilega færri hrukkur á enni eftir 3 vikur.

www.lorealparis.com

DERMO-EXPERTISE.

FRÁ FAGMENNSKU TIL FEGURÐAR.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.



MARKVISS HRUKKUVÖRN FRÁ 30 ÁRA ALDRI

L'ORÉAL
PARIS

1. Prófað á 50 konum 2. Prófað á 196 konum 3. Klínísk rannsókn á 40 konum með nýjar hrukkur



Ferming

Í verslunum Blómavals færðu allt til að gera fermingardaginn enn eftirminnilegri.

Lítu við í næstu Blómavalsverslun, því sjón er sögu ríkari, þar gefur að líta fullbúin veisluborð í mörgum litum.

4. febrúar byrjaði fermingarveislusýning í Blómavali í Skútuvogi.

Munið eftir að sýna heimsenda afsláttarbréfið og taka þátt í lukkuleiknum okkar.



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



14



28



34



20

Þetta helst

- 7 Skautað innandyrá
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla dj Kokoon
- 12 Léttisveitin á leið til Kúbu

Viðtöl

- 14 Mammút:
Ekki bara ung og efnileg
- 18 Járnfrúin Ellen Johnson-Sirleaf

Hann/hún

- 20 Salat, brauðréttir og fyllingar
- 26 Bæði hvunn dags og spari
- 28 Álitlegir árhátíðarkjólur
- 30 Hárið í lagi
- 32 Anna í Austurlöndum nær
- 32 Stjörnuspá
- 34 Gott að vera hjá ömmu
- 36 Morgunmat er hollur

Í hverju blaði

- 38 Sudoku
- 40 Krossgáta
- 41 Dagskrá næstu viku

birta

17. febrúar – 23. febrúar 2006 nr. 7

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 515 7543 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is@365.is
Sölufultrúi 550 5828 / 899 7600
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Sölufultrúi 550 5854 / 866 0796
Aron Bergmann Magnússon / aron@365.is
Sölufultrúi 550 5857 / 616 7490
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufultrúi 515 7580 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir og Einar Elí Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Heiða
NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

ÉG REYNDI AÐ NEGLA NIÐUR...

ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.


UMFERÐARSTOFA

HÆGÐU Á ÞÉR

Texti: EMILÍA ÖRLYGSÐÓTTIR

Mynd: HEIDA HELGADÓTTIR



Skautað innandyra

Það er fátt jafn skemmtilegt og að renna sér á skautum á góðu svelli. Hlægiandi börn að skemmta sér á skautasvelli eru hins vegar ekki eins algeng sjón og áður fyrr. Veturinn er eiginlega aldrei almennilegur núorðið og það getur verið erfitt að finna öruggt svell til þess að renna sér á.

Skautahallirnar koma sér því virkilega vel í

frostleysinu. Það er náttúrulega ekki alveg það sama að vera á skautum innandyra eins og utandyra en það er alltaf gott að gera það besta úr því sem að höndum ber. Í svona tíð er best að festa bara á sig skautana, setja á sig eyrnaskjól og trefil, renna sér út á svellið og skemmta sér sem aldrei fyrr.

| heitt & kalt |

Áberandi munstur
Flíkur með áberandi munstri eru það nýjasta í vorlínunni. Stórir fletir, hringir, rendur, rákir, áprent og umfram allt lítrík blómamunstur.

Hráfæði
Nú neyta allir hráfæðis og eru aukaeftir farin að heyja harða lífsbaráttu við náttúruleg bætiefni.

Hvítar gallabuxur
Hvítar gallabuxur með innsniði hafa látið á sér kræla í búðum og tískublöðum. Spurning hvort þær nái því að verða að æði.

GSM-símhringingar
Hvað varð um gömlu góðu ring-ring hringinguna. Nú söngla allir símar heilu ariurnar úr poppsögunni og saklausir áheyrendur sitja digital-tónleika liðlangan daginn.

Húsnaðisverðið
Nei, halló, halló, nú er komið nóg. Hver kaupir 30 fermetra íbúð á 14 milljónir. Tökum höndum saman og stöðvum geðveikina.

Snýtupappír er minn besti vinur

Kvef

Einn tekur upp á því að fá flensu og áður en varir þá virðast allir hafa náð sér í hana. Þetta byrjar allt á því að við finnum til í hálsinum eða verðum vör við að önnur nösín stíflast. Við hugsum með okkur „nei, þetta er ekki neitt“. Til að styrkja okkur í þeirri trú gerum við einhvern fjárann eins og fara í sund eða langan göngutúr í rigningunni. Daginn eftir erum við orðin veik.



Áður en við vitum af þráum við ekkert heitara í lífinu en hóstadropa og sítrónute. Snýtupappírinn er orðinn okkar besti vinur og við söknum þess að búa ekki hjá mömmu sem sá svo vel um mann í veikindum á þeim gömlu góðu dögum. Allt tekur þó enda og fyrr en varir erum við farin blása út um báðar nasir.

Athvarf utan alfaraleiðar

Hús

Einu sinni voru það bara sérvitringar sem keyptu sér hús í sveitinni. Nú er enginn maður með mönnum nema hann eigi eitt slíkt. Vissulega er gott og gilt að eiga sumarbústað en enn betra er að eiga gamlan bóndabæ eða hús í litlum bæ úti á landi. Verðið á slíku góssi í nágrenni Reykjavíkur hefur hækkað gríðarlega en á afskekktari stöðum landsins má gera góð kaup. Enn um sinn að minnsta kosti, en ekki er ólíklegt að eftirspurn aukist mjög á næstu árum með tilheyrandi verðhækkunum.


Blóm handa þér

Konudagur



Sá var skynsamur sem ákvað að bóndadagur skyldi verða á undan konudegi. Þannig geta konur gert bónda sínum til góða og það knýr hann til að launa greiðann að þorra loknum. Makar og synir streyma nú í blómabúðir og versla veglega vendi til að sýna konunni í þeirra lífi að hún skipti máli og eigi fallegan vönd skilið og jafnvel góða gjöf og gírnilegan mat. Konurnar slappa af og njóta þess að láta dekra við sig. Þó að með einhverjum hætti sé verið að binda rómantik við ákveðnar dagsetningar þá þarf það ekki að vera alsæmt. Er ekki gott að hafa einn dag á ári sem minnir okkur á að dekra við þá sem við elskum mest?





Milljónamiðar
leynast enn á sölustöðum.

Finnur þú þann næsta?

Sá á fund sem finnur

Gerir lífið meira spennandi





brennslan mín ...
 Árni Bragi Hjaltason plötusnúður

Taktföst hiphop-brennsla

Árni Bragi Hjaltason er sálfræðinemi í Háskóla Íslands. Hann á sér annað sjálf þegar hann bregður sér í gervi Dj Kocoon og þeytir frá sér æsandi og taktföstum hiphop-töktum. Brennslan einkennist einmitt af þessum dansvænu töktum. Seinni helmingurinn er þó tileinkaður hiphop-frumkvöðlinum Jay Dee sem lést nýverið. „Hann var mikill áhrifa-valdur og því tilvalið að tileinka honum þessa brennslu.“ Mestmegnis hlustar Árni á hiphop „...en líka fönk og soul. Ég hef svolítið þröngan smekk, það er hálf fánalegt.“

TRACK 1 Gnarl Barkley – Crazy. Ég breytist samstundis í Spalding-körfubolta þegar ég hlusta á þetta lag, slík er gæsahúðin. Soul-söngur Cee Lo gerir mig alveg „craaaazy“!

TRACK 2 Ghostface Killah – Be Easy. Þetta lag er gert af meistaranum sjálfum, Pete Rock. Að kinka kolla í takt við þetta lag krefst mikillar reynslu, þannig að farið varlega! Sannkallaður „hiphop-banger“ hér á ferð.

TRACK 3 Alvin Cash & The Registers – The Philly Freeze. Fönklag sem er algjör demantur. Ég gleymi alltaf hvað ég var að gera þegar óskrað er „Freeze“ inni í laginu og í kjölfarið kemur stutt þögn, vinnsluminnið mitt gæti verið betra.

TRACK 4 Re-Up Gang – Zen. Þetta lag er bara partí. Þetta er af mix-tape sem þeir gáfu út og inniheldur því nóg af byssuskotum, þumpandi bassalínu og stökkan takt.

TRACK 5 The Fantastic Johnny C – Boogaloo Down Broadway. Er búinn að vakna síðustu daga raulandi þetta lag, greinilega nýkominn úr góðum flíngi í L.A.

TRACK 6 J Dilla a.k.a. Jay Dee – Time: The Donut of the Heart. Hvíl í friði Jay Dee. Þetta lag er af nýútkominni plötu hans, Donuts, en hann lést fyrir viku, þremur dögum eftir útgáfu plötunnar.

TRACK 7 Common – The Light. Jay Dee gerði þetta lag á plötu Common sem heitir Like Water For Chocolate. Bobby Caldwell-samplið í millikafnanum gerir lagið að fullkomnu sing-along-song.

TRACK 8 The Pharcyde – Runtin´. Örugglega frægasta lag þessarar hljómsveitar sem Jay Dee gerði fyrir þá, en hann gerði líka „Drop“. Nokkrir meðlimir sveitarinnar halda einmitt tónleika á Gauknum innan skamms.

TRACK 9 Slum Village – Fall in Love. Jay Dee skipaði þriðjung þessarar hljómsveitar frá Detroit. Þetta er eitt af þeim lögum sem maður mun aldrei fá leið á.

TRACK 10 Jaylib featuring Talib Kweli – Raw Shit. Af plötunni sem Jay Dee og Madlib gerðu saman 2003. Mjög heitt lag, svakalegur synth-bassi og rúllandi taktur, tilvalið til að spila á klúbbnum!!!

» birta mælir með...

...PLÖTU CLAP YOUR HANDS SAY YEAH Plata Íslandsvinanna í Clap Your Hands Say Yeah er loksins fánleg hér á landi. Hljómsveitin spilaði á síðustu Airwaves-hátíð og hélt uppi góðu stuði. Hljómsveitin spilar ferskt og melódískt indie-rokk. Eitthvað sem allir ættu að geta hlustað saman á og dillað sér eftir. Hlustið bara á lagið Heavy Metal og sannfærist.



...FERDALAGI TIL BARCELONA Fyrir þá sem hafa gaman að hönnun, byggingarlist, góðri afslöppun og flottum kaffihúsum þá er Barcelona staðurinn. Á þessum tíma er tilvalið að skella sér í frí, þó ekki sé nema í örfáa daga, til að ná aftur fyrri krafti. Ekki er verra fyrir þá kaupóðu að útsölnurnar eru í fullum gangi og glæsilegar hönnunarvörur falar fyrir fáa ára.

...TÍMA NORNARINNAR eftir Árna Þórarinsson blaðamann sem með frábærum stílbrögðum tekst að lýsa hlutverki íslenska rannsóknarblaðamannsins á nýttinn hátt auk þess að láta hrollinn hríslast um lesandann þegar glæpurinn upplýstist að lokum og valda honum svefntruflunum og martröðum í margar nætur á eftir...



Einfaldur handfrjáls búnaður fyrir síma

NÝTT

Þú notar símann til að hringja úr honum og taka við símtölum. Þú hefur ekki nema óljósa hugmynd um hvað MMS-skilaboð eru og þú fékkst myndavél í fermingargjöf og hefur því ekkert við nýjstu og fullkomnustu símana að gera. Þess vegna vantar þig handfrjálsan búnað, en snúður sem flækjast og litlir tappar sem maður setur í eyrun eru ekki alveg þinn stíll. Ekki örvænta! Bílabarnið, eða Car Baby, er græjan fyrir þig.



Engar snúður, ekkert sem þarf að festa í bílinn, ekkert vesen. Þú smellir Bílabarninu á símann þar sem þú myndir hafa eyrað alla jafna. Í Bílabarninu er innbyggður hátalari sem breytir símanum þínum í handfrjálst kerfi á örfáum sekúndum. Þú leggur símann í sætið við hliðina á þér og blaðrar svo við hvern sem þér sýnist með báðar hendur á stýri. Bílabarnið passar á alla síma og það er fánalega auðvelt að smella því á sinn stað. Skoðaðu www.car-baby.co.uk til að finna frekari upplýsingar.



Mikið úrval
af fallegum
gluggatjöldum
fyrir heimilið
og vinnustaðinn



Strimlar
Rimlar
Screen
Felli og
Rúllugardínur
Brautir
Kappar
Metravara
og fleira

Z-brautir og gluggatjöld
Faxafeni 14 108 Reykjavík
Sími: 525-8200 Fax525-8201 z@z.is





Viðtal: EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR Myndir: HEIÐA HELGADÓTTIR

Léttisveitin á leið til Kúbu

Léttisveit Reykjavíkur er á leiðinni til Kúbu í næsta mánuði þar sem kórinn mun meðal annars taka þátt í alþjóðlegu kóramóti. Freyja Önuardóttir myndlistarkona er formaður Léttisveitarinnar sem hún segir vera samsafn af skemmtilegum konum.

HVAÐ ER LÉTTISVEIT REYKJAVÍKUR?

Léttisveitin er hundrað og tuttugu kvenna metnaðarfullur kór. Kórinn hefur lagt áherslu á það í gegnum tíðina að syngja svona léttari lög en gengur og gerist meðal annarra kóra og þaðan kemur nafnið en þetta er líka mjög léttur og skemmtilegur kór.

HVAÐ HEFUR LÉTTISVEITIN STARFAÐ LENGI?

Við höldum upp á tíu ára afmælið okkar í fyrra með pompi og pragt og vorum með stóra og mikla tónleika í Óperunni í tilefni af því. Við gáfum líka út geisladisk með lögum sem hafa verið tekin upp á tónleikum sveitarinnar í gegnum tíðina og svo var gerð um okkur heimildarmynd sem var sýnd í Háskólabíói í haust en geisladiskurinn og myndin hafa bæði fengið mjög góða dóma.

HVAÐ HEITIR HEIMILDARMYNDIN UM YKKUR?

Myndin heitir Kórinn og fjallar um kór lífið og konurnar á bak við kórinn. Silja Hauksdóttir gerði myndina og hún fylgdi okkur eftir á æfingar og fylgdist með einhverjum af konunum í daglegu lífi heima hjá sér. Hún fylgdi okkur svo út til Ítalíu þangað sem við fórum í tónleikaferðalag en kórstjórn-

inn okkar, Jóhanna Þórhallsdóttir, lærði þar. Ég held að Silju hafi tekist sérstaklega vel að sýna þessi einstöku vináttutengsl sem hafa myndast innan kórsins og hvernig það nærir okkur að vera í honum. Við erum sjálfar alveg ofboðslega ánægðar með þessa mynd.

ERU MARGAR KONUR SEM HAFU VERIÐ Í KÓRNUM FRÁ UPPHAFI?

Það eru mjög margar konur sem hafa verið frá upphafi og svo hafa smám saman verið að bætast við konur. Nú erum við hins vegar komnar á það stig að það er erfitt að bæta við því við erum orðnar svo rosalega margar og það er eiginlega einstakt að einhver hætti. Það þarf líka að sýna fram á ákveðna hæfni til þess að komast í kórinn því það er inntökuprufa svo það hoppar enginn inn. Það eru samt alltaf einhverjar konur sem hafa áhuga á að komast í kórinn svo við erum með nokkurs konar biðlista.

HVAÐ ER NÆST Á DAGSKRÁ HJÁ YKKUR?

Við erum að fara til Kúbu sautjándra apríl og verðum í viku. Þegar við vorum búnar að ákveða að fara til Kúbu á þessum tíma kom í ljós að þar verður alþjóð-

legt kóramóti á sama tíma og okkur var boðið að taka þátt í því. Hópurinn sem fer út er svo stór að við leggjum undir okkur heila flugvél og það verður örugglega mjög gaman. Við tökum með okkur nokkra tónlistarmenn en það eru Tómas R. Einarsson sem hefur fylgt okkur lengi, Eggert Pálsson, Ásgeir Steingrímsson og Aðalheiður Þorsteinsdóttir sem hefur fylgt Léttisveitinni frá upphafi. Svo fer líka með okkur Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson sem samdi fyrir okkur tónverk sem við fluttum á afmælistónleikum okkar og ætlum að flytja aftur úti. Hann notar ljóð eftir Ingibjörgu Haralds í tónverkinu og það vill svo skemmtilega til að hún samdi þessi ljóð þegar hún bjó sjálf úti á Kúbu.

ÞURFA EKKI ALLAR KONURNAR Í KÓRNUM AÐ VERA ROSALEGA SKEMMTILEGAR TIL ÞESS AÐ FALLA Í HÓPINN?

Okkur finnst við allavega mjög skemmtilegar og sjáum enga ástæðu til þess að leyna því. Það er ekkert hægt að vera leiðinlegur mjög lengi í Léttisveitinni og kórinn er alveg samsafn af yndislegum og skemmtilegum konum.



Jói Fel



Fermingarveislur að hætti Jóa Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa fermingarveislur. Hjá Jóa Fel er eingöngu bakað úr fyrsta flokks hráefni. Kynnið ykkur úrvalið á heimasíðunni www.joifel.is.

Heitt og kalt hlaðborð - Kökuhlaðborð - Pinnahlaðborð
Kransakökur - Konfekt/Súkkulaðikörfur - Brauðtertur

Kleppsvegi 152
Smáralind

Opið mánudaga - föstudaga 7.00 - 18.00
laugardaga og sunnudaga 7.00 - 16.00



MAMMÚT

Ekki bara ung & efnileg hljómsveit

Viðtal: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON Myndir: HEIÐA HELGADÓTTIR

» Hljómsveitin Mammút kom, sá og sigraði á Músíktilraunum viðfrægu árið 2004. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Hljómsveitin, tónlistin og meðlimir sveitarinnar hafa þróast en umfram allt þroskast og ekki er langt að bíða eftir fyrstu breiðskífu sveitarinnar. Blaðamaður Birtu settist niður með Mammút og ræddi um viðhorf, vonir og væntingar hljómsveitarmeðlima.

Hljómsveitin Mammút var formlega stofnuð í byrjun árs 2004. Hana skipa strákarnir Andri, sem spilar á trommur, Arnar, sem spilar á gítar, og stelpurnar Alexandra sem spilar á gítar, Katrína eða Kata, sem syngur og loks Guðrún eða Gunna, sem spilar á bassa. Áður en hljómsveitin Mammút var formlega stofnuð höfðu meðlimir sveitarinnar reyndar verið að leika sér þínu í sitthvoru horninu. „Við stelpurnar ætluðum að vera geðveikt harðar og stofnuðum pönk-band í anda Sex Pistols,” útskýrir Alexendra. Strákarnir tveir, Andri og Arnar, höfðu líka verið að leika sér með hljóðfæri sín og brátt lágu leiðir þeirra allra saman. Mammút-liðar segja að það hefði verið rökrétt skref á þeim tíma, tónlistarleg sköpunargleði hefði einfaldlega rekið þau saman. Auk þess sem fjórir af fimm meðlimum sveitarinnar voru í sama grunnskólanum.

Aðeins nokkrum mánuðum eftir að sveitin var stofnuð tók hún þátt í Músíktilraunum eða nánar tiltekið í mars 2004. Hljómsveitin gerði sér lítið fyrir og vann þá keppni með glæsibrag eins og frægt er orðið. Sigurinn kom vitanlega meðlimum sveitarinnar í opna skjöldu. Þau voru þó ekkert mikið til í að ræða nánar um þá keppni, nóg hefur nú þegar verið ritað um sigur þeirra. Læðist þá sá grunur að blaðamanni að meðlimir Mammút séu þreyttir á endalausum tali um keppnina og vilji helst vera fræg fyrir eitthvað annað og meira en bara „sigurvegarar Músíktilrauna”.

VORU AÐ DREPAST ÚR LEIÐINDUM

Síðan að sigur hafðist í Músíktilraunum hefur ýmislegt breyst, bæði

í lífi og starfi krakkanna. Þau hafa sem dæmi öll lokið grunnskóla-prófi. Arnar og Kata stunda nám við Menntaskólann við Hamrahlíð, Andri er í Fjölbautarskólanum við Ármúla en Alexandra er í Verzló. Gunna hætti fyrir ekki svo löngu síðan í skóla og vinnur nú á Gráa kettinum.

Sigrinum í Músíktilraunum fylgdu nokkrir hljóðverstímar, tímar sem hljómsveitin nýtti sér svo sannarlega til fullnustu. Á þessum tuttugu hljóðverstímum sem krakkarnir fengu til umráða náðu þau að taka upp heila plötu en það var gert í Sundlaug þeirra Sigur Róasar manna í Mosfellsbæ. Þetta gerðist í fyrra haust og síðan þá hefur sveitin unnið hörðum höndum að því að koma breiðskífunni út.

En hver var hvatinn að stofnun sveitarinnar? „Við vorum einfaldlega að drepast úr leiðindum. Við kunnum ekki neitt á hljóðfæri og fannst þínu asnalegt að fara að stofna hljómsveit, þó svo að innst inni þá langaði okkar það öll. Þetta átti ekki verða neitt en síðan einfaldlega þróaðist þetta,” útskýrir Kata og hin taka undir. Tilgangur sveitarinnar er enginn sérstakur að sögn hljómsveitarmeðlima þó svo að þau neyti staðfastlega fyrir það að hann sé enginn. Tilgangurinn er allavega ekki orðinn sá að koma Bush frá völdum. „Ekki ennþá.”

Síðan sveitin var stofnuð segja hljómsveitarmeðlimir að helsta breytingin sé sú að meðlimir sveitarinnar þekki nú betur hvort annað og þannig verði allar lagasmíðar þéttari. „Svo höfum við Alexandra líka lært betur á hljóðfæri okkar,” skýtur Gunna inn í. „Við komum samt ekkert saman og ákváðum að við ætluðum að spila svona eða hinsegin tónlist, hún hefur bara þróast eins og annað,” segir Arnar. Framtíðin er einnig óljós hjá hljómsveitinni hvað tónlistina varðar. „Hún er ennþá svo fjölbreytt, löggin eru svo mismunandi,” segir Andri og hin keppast við að samþykkja það. „Tónlist á að vera óvænt, við hugsum ekki um neinar stefnur,” bætir Gunna við. „Auðvitað verðum við, hvert og eitt, fyrir áhrifum frá því sem við erum að hlusta á. Þegar við komum svo saman og sameinum þessi áhrif í eitt þá verða áhrifin ekki svo áberandi. Ég held að það einkenni svoltið hljómsveitina,” heldur Alexandra áfram og að lokum fær Kata líka að koma inn sínu innleggi. „Þegar við semjum löggin þá skiptir mestu máli í



Við vorum einfaldlega að drepast úr leiðindum. Við kunnum ekki neitt á hljóðfæri og fannst þínu asnalegt að fara að stofna hljómsveit.



hvernig skapi við erum. Ef við erum geðveikt pirruð, þá verður lagið mjög pirrað.” Þau halda áfram að tjá sig um tónlistina, hvert ofan í annað, og blaðamaður getur ekki annað en hrist af þessum augljósa metnaði hljómsveitarinnar í að gera góða tónlist, óháð öllu öðru.

VIÐJA EKKI VERA UNG OG EFNILEG HLJÓMSVEIT

Í lok mars eða byrjun apríl mun loksins koma út afrakstur vinnu krakkanna í Mammút. Platan kemur út á vegum Smekkleysu en þau hafa enn ekki heyrt endanlega útgáfu plötunnar. Næsta skref eftir útgáfu plötunnar verður að reyna fyrir sér erlendis líkt og er draumur margra íslenskra tónlistarmanna. Stefnt er að því að kíkja til bæði Norðurlandanna og Bretlands í sumar og haust. Það sem hljómsveitarmeðlimirnir hlakka mest til er að kanna viðbrögð áhorfenda.

„Það er svo sjaldan sem það birtast nýjar sveitir hérna á Íslandi og maður er að sjá alltaf sömu andlitin á tónleikum. Þess vegna verður gaman að komast út, ekki bara til þess að reyna að landa einhverjum plötusamning, heldur meira til þess að fá ný viðbrögð, hvort sem þau verða góð eða slæm,” segir Kata.

Hljómsveitarmeðlimir eru líka þreyttir á láta koma fram við sig sem eitthvað krútt-band. Þau eru öll sammála um það að metnaður þeirra allra hljóti að liggja í því að vera meira en bara ung og efnileg hljómsveit. „Við vitum í raun ekki alveg hvað þetta þýðir, að vera ung og efnileg,” segir Gunna og hin kinka kalli.

Flest eru þau líka sammála um að þau vilji ekki gefa skóla og vinnu upp á bátinn til þess að reyna að „meika” það. Arnar segir hins vegar að það kæmi vel greina seinna, það er að segja ef að rétta tækifærið biðist og forsendurnar væru réttar. Krakkarnir gera sér þó grein fyrir því að hér heima á hljómsveitin vart tækifæri á því að lifa eingöngu

af tónlistarsköpun sinni. Þau eru hins vegar jákvæði í garð tónlistarheimsins almennt og segja að tækifærin liggja víða. „Samt hefur maður það á tilfinningunni að sumir í tónlistarbransanum hugsu að það sé búið að gera allt og fari því að gera allt alveg eins upp á nýtt. Þrátt fyrir það er alveg hægt að gera eitthvað nýtt með bara tveimur gíturum, bassa og trommum,” segir Alexandra og blaðamaður verður að vera sammála þessu sjónarmiði.

Óbeint segja þau samt að draumurinn sé að fá að lifa af tónlistinni. Þau segja samt að þegar á hólminn sé komið snúist dæmið meira um ástríðu og að hafa gaman af því sem verið er að gera. Þau viðurkenna fúslega að það sé afar klisjukennt að segja þetta. Málið sé einfaldlega að metnaðurinn sé eingöngu tónlistarlegs eðlis

en ekki veraldlegs. „Við stofnuðum þessa hljómsveit til þess að láta okkur ekki leiðast. Ef okkur fer að leiðast þá hlýtur hljómsveitin og tilgangur hennar að falla um sjálfa sig,” segja hinir jarðbundnu meðlimir Mammút að lokum.

Þegar við semjum lögin þá skiptir mestu máli í hvernig skapi við erum. Ef við erum geðveikt pirruð, þá verður lagið mjög pirrað.



MOSCHINO[®]
PARFUM

Járnfrúin Johnson-Sirleaf

Ellen Johnson-Sirleaf var í byrjun janúar formlega sett í embætti forseta Líberíu og er þar með fyrst allra kvenna til að verða forseti í Afríkuríki. Hún þykir hörd í horn að taka og á að baki merkan stjórnmálaferil.

Líbería er eitt tveggja landa Afríku sem aldrei hefur misst sjálfstæði sitt. Landið var stofnað af bandarískum leysingjum sem vildu fá að flytja aftur til heimaálfa sinnar. Eftirlifendur þessara fyrrverandi þræla í Bandaríkjunum kallast Americo-Liberians og teljast til hástéttar í Líberíu. Ellen Johnson-Sirleaf er einn þessara eftirlifenda og því fæddist hún inn í hástétt Mónróvíu, höfuðborgar Líberíu, árið 1938. Johnson-Sirleaf sjálf hefur hins vegar neitað því að hún tilheyri einhverri ákveðinni elítu eða hástétt. „Ef slík stétt er til, þá hefur henni verið eytt á undanförunum árum með giftingum einstaklinga úr ólíkum þjóðfélagshópum og frekari blöndun ýmissa hópa í samfélaginu.“

Til ársins 1955 lærði Johnson-Sirleaf í heimaborg sinni en árið 1961 flutti hún til Bandaríkjanna ásamt eiginmanni sínum. Þeim námsferli lauk Johnson-Sirleaf með meistaraþrófi í opinberri stjórnsýslu frá einum virtasta háskóla í heimi, Harvard. Á áttunda áratugnum og í byrjun þess níunda starfaði Johnson-Sirleaf að mestu í fjármálaráðuneyti Líberíu, meðal annars sem fjármálaráðherra



LJÓSMYND: NORDICPHOTO/AFP

landsins. Á þessum tíma ríkti eins flokks kerfi í Líberíu sem gerði fátt annað en að bæta hag hástéttarinnar, Americo-Liberians. Eitthvað varð að láta undan og árið 1980 var forseta landsins steypt af stóli og við völdum í landinu tók Samuel Doe.

Árið 1985 lýsti Johnson-Sirleaf því yfir að hún væri mótfallin herstjórninni sem þá ríkti og var fyrir það send í tíu ára fangelsi. Henni var hins vegar fljótt sleppt úr fangelsi en hélt þaðan í útlegð til Keníu. Eftir það vann hún við hin ýmsu störf á alþjóðlegum vettvangi auk þess sem hún tók þátt í stofnun og starfi ýmissa félagasamtaka í Afríku.

Johnson-Sirleaf sneri aftur heim til Líberíu þegar hún studdi Charles Taylor gegn Samuel Doe. Eftir það geisaði hörd borgarastyrjöld í landinu og þóttu stjórnartilburðir Taylors heldur vafasamir. Johnson-Sirleaf snerist þá gegn Taylor og bauð sig meðal annars fram gegn honum í forsetakosningunum árið 1997. Þar beið hún hins vegar ósigur en

hélt áfram baráttu sinni gegn illum öflum í landinu. Þessi barátta skilaði sér svo loks árið 2004 þegar hræðilegri borgarastyrjöld lauk í landinu auk þess sem Taylor var bolað frá völdum.

Seint á síðasta ári fóru síðan fram forsetakosningar í landinu. Eftir fyrri umferð kosninganna var Johnson-Sirleaf í öðru sæti á eftir knattspyrnugöðsögninni George Weah. Í seinni umferðinni vann Johnson-Sirleaf hins vegar yfirburðasigur og eftir nokkurt þöf varð járnfrúin mikla loks formlega forseti Líberíu. Johnson-Sirleaf þykir mikill skörungur. Í dag er hún fráskilin fjögurra barna móðir og hefur nú þegar látið til sín taka í stjórnkerfi Líberíu og er mikið verk framundan þar sem rétta þarf við allt stjórnar- og hagkerfi landsins. Johnson-Sirleaf er virt af bæði körlum og konum um heim allan og ljóst er að hún á eftir verða mörgum afrískum konum góð fyrirmynd.



Collagen

uppbygging innan frá
Einstakur árangur fyrir húð og líkama



Sléttari og stinnari húð, styrkir
hár og neglur



Gott fyrir liðina, aukinn liðugleiki
og betri líðan



Bæði fyrir konur og karla

Árangur sést og finnst
eftir þrjár vikur

PureLogicol
COLLAGEN COSMETICS



Helga Möller, barnabókahöfundur
og fyrrum fyrirsæta:

„Í upphafi keypti ég PureLogicol vegna þess að collagen eykur teygjanleika húðarinnar, gerir varinnar þéttari og styrkir neglur. Það reyndist rétt, húðin er mikið sléttari, búin að þétta sig og er mýkri, bæði í andliti og á öllum líkamanum.

En það kom mér þægilega á óvart að það reyndist gera enn meira gagn. Það gerði undraverk fyrir liðina og hefur reynt mér vel eftir liðþófaaðgerð, - raunar betur en öll önnur efni sem ég hafði áður reynt í þeim tilgangi.“

* Collagen er öflugasta byggingarprótein líkamans,
PureLogicol Collagen inniheldur náttúrulegt glucosamine og chondrotin.

Útsöluastaðir: Apótek og Fríhöfnin
www.celsus.is

Sumar uppskriftir er gott að geyma, safna saman og vita af. Þegar kemur að því að halda boð myndast nefnilega alltaf smá vandræðaástand þegar verið er að ákveða rétti til að bjóða upp á. Þess vegna er gott að eiga á góðum stað hugmyndir að salötum, brauðréttum og fyllingum til að setja í tartalettur og á bagettusneiðar. Sérstaklega núna þegar fermingarnar nálgast.

Umsjón HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Myndir GUNNAR SVERRISSON
Ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs



Salat, brauðréttir og fyllingar

Kjúklingasalat

Þetta salat fékk ég hjá frænku minni um daginn og varð að fá uppskriftina. Þetta er með betri salötum sem ég hef fengið sem teljast til fullkominnar máltíðar. Það er líka mjög hentugt til að bera fram á hlaðborði. Það er vert að benda á að mjög margt er hægt að setja í salatið annað en hér er talið upp. Sömuleiðis verður magn hráefnis að teljast smekkatríði.

Fyrir kjötið:

Kjúklingabringur eða -lundir
Ólífuoía
Sojasósa
Pipar

Skerið kjúklingakjötið í strimla og steikið í olíu á pönnu. Þegar kjötið er að nálgast fullkomna steikingu dreypið þið sojasósunni yfir eftir smekk og látið malla aðeins. Takið af hitanum og piprið. Athugið að hægt er að steikja kjötið daginn áður og hafa tilbúið til að flýta fyrir.

Í sósuna:

Ólífuoía eða önnur góð olía

Sojasósa

Hoi-sin sósa

Hrærið saman hráefnið í sósuna. Sömuleiðis hægt að gera daginn áður. Miðið við að magn hoi-sin sósunnar sé helmingi meira en af olíu og sojasósu. Smakkið til.

Í salatið:

Spínat
Klettasalat
Fetaostur eða motsarellaostur í bitum
Rifinn parmesanostur
Ristaðar furuhnetur
Jarðarber, skorin í tvennt

Ferskt mangó, skorið í bita

Ólffur, skornar í tvennt
Sólþurrkaðir tómatar, skornir í strimla
Kirsuberjatómatar, skornir í tvennt
Rauðlaurur eða blaðlaurur, smátt skorinn
Ristaðir brauðteningar

Magn verður að ráðast af smekk. Blandið öllu saman í skál. Athugið að auðvitað má sleppa einhverju af ofantöldu eða bæta öðru við. Setjið kjúklingastrimlana saman við. Hellið sósunni yfir og blandið varlega. Berið fram.



Bonomi kaffihús

OG GLÆSILEG VERSLUN

Bonomi kaffihúsín eru staðsett um víða veröld og eru þekkt fyrir að vera alvöru kaffihús sem bjóða aðeins upp á gæðakaffi fyrir þá kröfuhörðustu.

KAFFIBÚÐIN umboðsaðili Bonomi og Quick Mill kaffivéla hefur nú opnað glæsilega verslun og kaffihús í Hamraborg 1-3, Kópavogi. Við bjóðum að sjálfsögðu upp á eðal kaffi frá Bonomi sem gefur unaðslegan eftirkeim, einnig baunir sem hægt er að fá malaðar á staðnum.



PROFESSIONAL

Hágæða ítalskar kaffivélar frá Quick Mill fyrir heimili, fyrirtæki og stofnanir.

Alvöru espresso með þykkri kaffifroðu eða mildara, alveg eins og þú vilt, nákvæmlega eins og á bestu kaffihúsunum.



Glæsileg ítölsk gjafavara; kaffibollar, tebollar, morgunverðarsett og ótal margt annað fallegt.



PROFESSIONAL



K A F F I B Ú Ð I N

HAMRABORG 1-3 · 200 KÓPAVOGI · S: 554 6054



Heitar fyllingar

Hér eru þrjár hugmyndir að fyllingum til að setja í tartalettur eða ofan á bagettusneiðar og setja í ofn. Alltaf vinsælt í boðum. Sömuleiðis er hér vert að benda á að magn í slíkar fyllingar verður að meta eftir smekk. Ef notaðar eru bagettusneiðar er gott að grilla þær aðeins í ofni, hafa þær örlítið stökkar áður en salatið er sett ofan á og aftur inn í ofn. Slíkt er hægt að undirbúa daginn áður.

Matarmikil fylling:

1 dós beikonostur
1 dl rjómi
2 soðin egg, skorin í eggjaskera í teninga
2 dl grænar ólífur, saxaðar
4 ananashringir, skornir smátt, geyma smá safu
3 dl soðin hrísgrjón
5 sneiðar hunangsskinka eða beikonskinka, í bitum
10 sneiðar pepperoni/salami, í bitum
rifinn ostur

Bræðið ostinn í potti ásamt rjóma. Blandið öllu saxaða hráefninu varlega saman við. Smakkið til með pipar og sætið með um 2 msk af ananassafu. Dreifið smá rifnum osti yfir og bakið svo í ofni þar til vel heitt.

Ostafylling:

1 dl létt-majónes
1 msk hunangs-dijon-sinnep
1 brie-ostur, skorinn í bita
1 piparostur, skorinn í bita
1/2 gráðaostur, skorinn smátt
Salt og pipar
1 rauð paprika, söxuð
10 sveppir, skornir smátt
10 cm blaðlaukur, saxaður
2 hvítlauksrif, söxuð
olíu til steikingar

Hrærið saman majónes og sinnep, bætið ostinum saman við. Mýkið hvítlaukinn í olíu á pönnu, setjið þá blaðlaukinn saman við, sveppi og papriku. Látið allt verða mjúkt undir tönn. Kælið aðeins og hrærið þá saman við ostablönduna. Bakið í ofni þar til osturinn er mjög mjúkur og blandan vel heit. Þetta salat má einnig bera fram kalt í litlum brauðskeljum eða á bagettusneiðum.

Ítölsk fylling:

1 krukka sætir kirsuberjatómatar í olíu, skornir aðeins niður, olían geymd í krukkunni (sweet cherry tomatoes, til frá Sacla))
1 1/2 dl grilluð paprika í olíu, skorin aðeins niður, olían geymd í krukkunni (chargrilled pepper, til frá Sacla)
1 1/2 dl sólþurrkaðir tómatar, skornir smátt
2 kúlur motsarella-ostur, skorinn í teninga
1 dl rifinn parmesanostur
hnafi fersk basilíka, söxuð niður

Hrærið allt hráefnið saman í skál. Bætið um 2 msk af tómata- og paprikuolíunni saman við. Bakið í ofni þar til mosarella-osturinn mýkist vel upp og verður teygjanlegur og blandan er vel heit. Einnig hægt að bera fram kalt í brauðskeljum eða á bagettusneiðum.



Jói Fel

Baileys tertusæla að hætti Jóa Fel

- löguð með ekta Baileys og kókós

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.



Jói Fel

Englakaka að hætti Jóa Fel

- himnesk eftirréttasæla

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.



Hugbók Feb. 06

*„Gott kaffi er ein af lystisemdum lífsins.
Corso Impero frá Tosteria del Corso er kaffið sem við drekkum.“*

Albert & Bergþór



*Tosteria del Corso
il caffè...per passione*

„CORSO IMPERO“



Corso Impero er blanda úr 8 mjög verðmætum Arabica og Robusta kaffibaunum. Þetta er mest selda kaffið frá Tosteria del Corso. Var valið til að bera fram í krýningarafmæli bresku drottningarinnar og er borið fram af sumum virtustu veitingaþjónustum í Evrópu.

Ilmur: Súkkulaði, möndlur og hnetur.

Froða: Þykk með litlum bóllum, karamellulitur.

Bragð: Þétt, mikið ristað og rjómakent. Dökkt án þess að vera rammt. Gott jafvægi á milli ávaxta og beiskju.

Eftirbragð: Mjög langt með þægilegri síru.



Fæst í: Gripið og Greitt, Hagkaup, Miðbúðinni, Ostabúðinni við Skólavörðustíg, Samkaup, Yndisauka og Versluninni Rangá. Allt um nýju tegundirnar sjá www.gjordusvovel.is

gjordusvovel.is

Gefðu fallega gjöf á *Konudaginn*



Í versluninni Sand, Kringlunni, má finna mikið af fallegum og vönduðum fatnaði. Bómullarskyrtubolur með palliöttum kr. 13.990. Gullskyrta kr. 13.900. Sandkonur.



Síríus súkkulaði nudd
Sætt og ljúffengt heilnudd án allra hitaeininga. Þessi meðferð er alveg ný af nálinni og sér hönnuð fyrir gesti Laugar Spa. Í þessari meðferð er notuð síríus súkkulaði massi og sérvalin olía en súkkulaði er alveg einstaklega ríkt af andoxunarefnum sem er sérstaklega gott fyrir blóðrásina. Nuddið er 60 mínútur og fylgir aðgangur að Badstofu

Umshöfn: Íris Dögg Pétursdóttir



Hin vinsæla stórstjarna úr Sex and The City SARAH JESSICA PARKER kynnir nú sinn fyrsta ilm LOVELY. Hún lýsir ilminum sem kvenlegum og ljúfum en jafnframt klassískum með kynsandi undirtónum... Svona yndislegur ilmur á að vera handa öllum konum, á hvaða aldri, útliti eða týpu segir þessi smekklega leikkona. Þetta er ilmur sem allar konur ættu að eignast!



Verslunin Rómantik.is býður upp á mikið úrval af fallegum undirfötum en undirföt eru tilvalin gjöf til að gleðja elskuna á konudaginn. Brjóstahaldari, G-strengur, sokkabönd og sokkar á kr. 3.995.



Stórstjarnan Jennifer Lopez er komin með nýtt glæsilegt ilmvatn á markaðinn. Ilmurinn Love at first Glow ber keim af blómum og ávöxtum, sætur ilmur sem allar konur þurfa að eiga. Love at first Glow eftir J Lo er frábær gjöf til að gleðja konuna á konudaginn.



I LOVE LOVE

CHEAP AND CHIC
MOSCHINO

Moschino S.p.A. Via Manzoni 1, 20121 Milano, Italy
© 2005 Moschino S.p.A. All rights reserved.



BÆÐI HVUNNDAGS OG SPARI

» Sumar flíkur bjóða upp á margvíslega möguleika og er bæði hægt að klæðast dagsdaglega sem og við fín tilefni. Þar má til dæmis nefna hnébuxur sem eru svo vinsælar um þessar mundir. Ágætt er að hafa þær svartar og skreyta síðan með litríkum fylgihlutum, skóm eða öðru.

igma
vörslun

Opnunartími verkis dags 11-18
og laugardags 10-14

Ígna ehf. Kinnarbrúarvegur 8, 104 Reykjavík
Ígna ehf. Kinnarbrúarvegur 8, 104 Reykjavík
Sími 562 1344, www.igma.is

**Nýjar
vörur**



Sabrat
Súlfvegur
Skúlhvergur


Hér erum við



KC
KRISTIN CARDEW

SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 18 SÍMI: 562 2654

**Nýjar vorvörur
frá PAS**



Rita

Bæjarlind 6, sími 554 7030



*Hefur þú hreinsað sængina
þína nýlega?*

Við hreinsum og endurnújum dúnsængur.

DÚN & FIDUR

Laugavegi 87
Sími 511 2004 – 551 8740



Turkís-brons arm-band kr. 2.900



Turkísblá festi kr. 7.500



Grænt með stórum steinum kr. 95.200



Brúnn kjóll kr. 43.500 / Pardusskór og brúnt veski kr. 14.500 og 5.800



Álitlegir árshátíðarkjólur

Á þessum árstíma er tilvalið að lyfta sér upp og gera sér glaðan dag. Vinir og vinnuhópar nýta sér skammtdegilið til að lyfta sér upp, hvort sem það eru veisluhöld heima við, góður kvöldverður á flottum veitingastað eða skemmtilegar uppskeruhátíðir; árshátíðir.

Kjóll og hvítt er oft klæðapemað á árshátíðum og því eiga síðkjólur vel við. Síðkjólur hafa þó verið á nokkru undanhaldi síðastliðin ár, en það eru nokkrar verslanir í bænum sem sérhæfa sig í síðkjólatískunni og þar fer nýja árið mjög vel af stað.

Í versluninni Flex er til dæmis feykilega fallett úrval af skósíðum klassakjólum sem hafa fyrsta flokks veislum, fyrsta sendingin sem barst í byrjun janúar er að verða uppurin en nýir kjólur halda áfram að koma í verslunina.


Ekki má gleyma að gefa sér góðan tíma til að velja sér rétta skartið og réttu skóna með kjólnum og muna að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn því það er hægt að fara svo ótal skemmtilegar og litríkar leiðir þegar kemur að því að sjóða saman flott árshátíðarútlit.



Svartur kjóll kr. 30.000 / grænir skór og veski kr. 14.500 og 7.500



Rauð steinafesti kr. 9.000



Brúngyllt men kr. 5.550



Bleikur kjóll kr. 43.500

Silfursett, armband og hringur kr. 15.900 og 9.500

Evíta

Full búð af fallegum vörum á betra verði.
Gefðu heimilinu fallega gjöf



Hárpjónusta á frábæru verði, gerid svo vel að panta tíma.

Hárgreiðsla og gjafavörur

Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is

10.000



Stargrafur 2000

Fríðrik Örn 18. febrúar – 24. maí 2006



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

Grófarhúsi 6. hæð · Tryggvagötu 15 · sími 563 1790 · fax 563 1799
Opnunartími sýninga 12–19 virka daga · 13–17 um helgar · AÐGANGUR ÓKEYPIS
www.ljosmyndasafnreykjavikur.is · www.photomuseum.is



Útsölulok í Marimekko

marimekko®

Laugavegur 56 · Sími 5517600



Útsölulok

Hárið lagað á augabragði

Konur hafa marga möguleika til að líta vel út og kunna margar aðferðir til að ná hinu fullkomna útliti. En þegar óskað er eftir útliti sem er náttúrulegt og eðlilegt þá fyrst þarf að eyða löngum tíma í að dytta að meistaraverkinu. Allar konur vita að mestan tíma tekur að gera sig sæta þegar hvergi má sjást að nokkuð hafi verið haft fyrir því. Hér koma nokkur ráð sem hjálpa til við að gefa hárinu náttúrulegt og afslappað útlit á augabragði.

TÚBERAÐAR RÆTUR

Með því að túbera hárið ein-göngu upp við hársvörðinn kemur mun meiri fylling í hárið. Notaðu mjúka gúmmí-greiðu við túberinguna, því það ferð betur með hárið og það verður síður rafmagnað. Byrjaðu fremst við ennið og túberaðu í áttina að hnakk-anum.

LÍTLAR FLÉTTUR

Fléttaðu nokkrar smáar fléttur í hárið. Ekki hafa þær of margar og ekki hafa þær ofan í andlitinu. Hafðu þær þunnar og smágerðar. Svo þegar flétturnar eru teknar úr ertu komin með óvænta liði hér og þar og það lítur út fyrir að þú hafir ekkert haft fyrir þessu.

LÉTTAR BYLGIJUR

Settu volgar rúllur í hárið og láttu standa í hálf tíma. Þegar rúllurnar eru teknar úr á ekki að bursta hárið heldur renna létt í gegnum það með fingrunum og setja örlítið af geli í hárið um leið.

HÁRSPENNUR

Notaðu hárspennur sem hafa sama lit og hárið. Krossleggðu tvær spennur ofan við eyrun til að taka hliðarnar niður. Auðveld leið til að fá smá stíl í hárið án mikillar fyrirhafnar.

HEIMATILBÚÐ HÁRSPREI

Blandaðu saman vatni, salti og nokkrum dropum af sítrónusafa og settu í spreibrúsa. Sprautaðu í þurrt hár og þú færð góðan glans sem endist og þú lítur út fyrir að vera nýkomin af sólarströnd.

Gott fyrir vorið

Mac

Chromeglass

Chromeglass varagloss frá Mac inniheldur C- og E-vítamín sem ver varirnar fyrir skaðlegum áhrifum frá umhverfinu. Varaglossið myndar þétta og glansandi áferð án þess að varirnar verði klístraðar.



Estée Lauder

Pure Color Crystal Gloss

Pure Color varaglossið frá Estée Lauder má nota eitt og sér eða yfir Pure Color varalitinn. Hvernig sem varaglossið er notað er alveg víst að það er alltaf punkturinn yfiri-ið.



Estée Lauder

Pure Color Long Lasting Lipstick

Pure Color varliturinn frá Estée Lauder er eins og súkkulaði, algerlega ómótstæðilegur. Varliturinn fæst í ýmsum súkkulaðitönnum, ljósnum og dökkum auk þess að koma í kirsuberja- og jarðarberjarauðum lit.



Lancome

L'extreme Leingthening Mascara

L'extreme Leingthening Mascara er nýr maskari frá Lancome sem lengir augnhárin sýnilega. Burstinn grípur hvert hár og maskarinn hjúpar augnhárin frá rót að enda og þannig má framkalla hina ótrúlegu lengingu sem getur orðið allt að sextíu prósent. Strax frá fyrstu stroku verða augnhárin löng og falleg.

Mac

Lingerie Eye Shadow

Nýju Lingerie-augnskuggarnir frá Mac koma í ýmsum litum. Augnskuggarnir eru fánlegir í bleiku, beinhvítu, gráu, svörtu og lillabláu og hafa fallega sanseraða áferð.





SNYRTISKÓLINN

VILTU VERÐA SNYRTIFRÆÐINGUR?



n
t

Ert þú 13-16 ára?

Nýtt og spennandi útlitsnámsleið fyrir ungt fólk

Viltu læra allt sem skiptir máli um útlit, förðun og framkomu?
Förðunarskóli Rifka býður nú ungu fólki á aldrinum 13-16 ára upp
á námskeið þar sem kennd eru öll helstu grunnatriði förðunarfræði
og framkomu.

- Umhirða húðar og handsnyrting
- Náttúruleg förðun
- Smoky förðun
- Ásetning og meðferð brúnkukrema
- Stílisering og klæðaval, litgreining
- Umhirða hárs
- Framkoma og sjálfstyrking



Aðeins kr. 19.900!

Kennt er einu sinni í viku og tekur hvert námskeið 8 vikur. Vörur frá Rifka og námskeiðsgögn
eru innifalin í námskeiðsgjaldi. Munið Gjafabréfin, tilvalin fermingargjöf.
Þátttakendur frá 10% afslátt í förðunarskóla rifka síðar meir.

Skráning er hafin í síma **565-2300** eða skráðu þig á **www.rifka.is**

Um námskeiðin sér fagfólk í fremstu röð:

Magnea Elinardóttir förðunarmeistari kennir og hefur umsjón með námskeiði.

Rán Reynisdóttir hárgreiðslumeistari á Feimu kennir meðferð á hári og hárgreiðslu.

Kristin Stefánsdóttir snyrti- og förðunarmeistari sér um umhirðu húðar og handa.

Kolbrún Pálína förðunarmeistari og einkaþjálfari kennir framkomu og sjálfstyrkingu.

rifka
cosmetics
MAKE UP
SCHOOL

Anna í Austurlöndum nær

Anna Tryggvadóttir skrifar frá Jórdaníu



Múslímsk minnimáttarkennd

Lífið hefur ekki leikið við okkur Evrópubúana hér í hinum arabíska heimi upp á síðkastið. Eins og farið hefur fram hjá fæstum hafa skrípamyndirnar af Múhameð spámanni (friður sé með honum) kallað á sterk viðbrögð og rúmlega það. Þótt ég hafi ekki orðið fyrir neinni óvinsemd hafa þessar fréttir óeitanlega kallað á vissa sjálfskoðun. Á ég að biðjast afsökunar á framferði dónalegra dagblaða eða einbeita mér að því að fordæma sendiráðsbruna og aðrar árásir? Þegar ég viðraði þessar skoðanir við góða jórdanska vinkonu mína sagði hún einfaldlega: „Nú veistu hvernig er að vera arabi í heiminum í dag.“

Á síðustu árum hafa arabar orðið fyrir aðkasti bara fyrir að vera af kynþætti og aðhyllast trúarbrögð sem flestir tengja við hryðjuverkastarfsemi. Þessar árásir hafa gert það að verkum að þetta stolta fólk hefur stöðugt þurft að svara fyrir möguleg og ómöguleg tengsl við hryðjuverk. Vestrænu heimsveldin hafa svo gert mjög margt til að troða araba niður í svaðið og látið þá finna fyrir hverjir það eru sem ráða í heiminum í dag. Og það eru svo sannarlega ekki arabar.


Í samskiptum mínum við fólk á götunni er ég stöðugt spurð hver tilfinning mín sé varðandi araba. Þeim er mikið í mun að ég, sem fulltrúi frá hinum vestræna heimi, upplifi yfirburði araba á einhverju sviði og oftast er það gestrisnin sem er þeim ofarlega í huga. Þeir vilja sýna að þótt „við“ bjóðum araba sjaldnast velkomna eru „þeir“ tilbúnir að leggja sig alla fram um að láta okkur líða vel í heimsókn hjá þeim.

Annað sem arabar eiga umfram Vesturlönd er islam. Fyrir þeim er kristni og gyðingdómur úrelt útgáfa af hinum einu réttu trúarbrögðum, eitthvað sem „þeir“ eru búnir að meðtaka en „við“ erum enn að sulta í myrkrinu. Þótt yfirburðaheimur dagsins láti þeim líða illa núna vita þeir að þegar komið er í himnaríki verða yfirburðirnir þeirra. Allah ber líka traust til araba umfram Vesturlönd, hann birtist jú í miðri arabískri eyðimörk og fór að tala arabísku. Þegar kemur að trúarbrögðum eru arabar því í engum vafa um hver það er sem stendur betur.

Það er líka þess vegna sem fólk er sérstaklega viðkvæmt þegar Vesturlönd fara að abbast upp á stærsta sameiningartákn hins arabíska heims, nefnilega spámanni mikla. Þá finnst aröbum eins og farið sé með virðingu þeirra og henni sturtað ofan í klósettið. Og ekki bara er Múhameð (f.s.m.h.) teiknaður á blað eins og er stranglega bannað í islamskri trú heldur er hann líka settur í samhengi við stærsta djöful arabaheimsins, nefnilega hryðjuverk.

Að vissu leyti hef ég því skilning og samúð með því fólk sem bregst reitt við slíkri niðurlægingu. Þótt viðbrögðin hafi vissulega verið út úr korti hefur þeim þó tekist ætlunarverkið - að sýna að Vesturlönd hafi þarna gengið of langt. Eins og þeim er einum lagið útskýra þeir svo fyrir mér að þótt ég sé frá Norðurlöndunum og þótt myndirnar hafi verið birtar á Íslandi sé ég enn mjög svo velkomin í þeirra heimi. Sérstaklega ef ég biðst afsökunar.

Já áhuginn á nánari kynnum er til staðar ef...



- 1 ... viðkomandi horfir mikið á þig og þú stendur manneskjuna oft að því að stelast til að kíkja í átt til þín.
- 2 ... viðkomandi reynir við þig þannig að það lítur út fyrir að vera meira grín en alvara.
- 3 ... viðkomandi notar alls kyns ómerkilega hluti til að hefja samræður við þig.
- 4 ... viðkomandi frestar öllum öðrum plönum til að gera eitthvað með þér.
- 5 ... röðin verður blíðlegri þegar karlmenn eiga í hlut eða hægari ef kona hefur áhuga á nánari kynnum.
- 6 ... viðkomandi man ótrúlegustu smáatriði úr daglegu lífi þínu.
- 7 ... karlmenn horfa beint í augu konu þegar rætt er við hana.
- 8 ... kona lítur undan og þegar augnsamband næst.
- 9 ... viðkomandi notar öll tækifæri sem gefst til að snerta þig. Afsakanir eins og þú ert með ...rykkorn á öxlinni, það er eitthvað í hárinu þínu, ég sé augnhár sem er á leið í augað þitt, á ég að hneppa jakkanum fyrir þig, á ég ekki að leiða þig yfir götuna.

stjörnuspá ★★★ 17. febrúar - 23. febrúar

<p>HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL </p> <p>Miklar tilfinningasveiflur stjórnuðu hrútnum í síðustu viku en nú fer ólguna að lægja. Forðastu skyndiávarðanir.</p>	<p>VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER </p> <p>Loksins er bjart framundan í fjármálum vogarinnar. Útgjöld minnka og möguleiki á lánum er góður.</p>
<p>NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ </p> <p>Vertu viðbúinn auknum peningaútgjöldum þessa vikuna. Eitthvað tengt heimili þínu þarfnastr athygli.</p>	<p>SPORÐDREKI 23. OKT. – 21. NÓV. </p> <p>Einhver spennna sem einkennt hefur sporðdrekann hverfur nú á braut og því er helgin kjörin til afslöppunar.</p>
<p>TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ </p> <p>Þú hefur lengi gengið með hugmynd í kollinum sem þú getur nú loksins opinberað fyrir umheiminum.</p>	<p>BOGMAÐUR 22. NÓV. – 21. DES. </p> <p>Mikið álag hefur verið í vinnunni. Það jákvæða er að vinnuálagið mun nú minnka og dugnaður þinn fór ekki fram hjá neinum.</p>
<p>KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ </p> <p>Framundan er ferðalag og ekki er ólíklegt að þar komi rómantík við sögu.</p>	<p>STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JAN. </p> <p>Vikan framundan er rétti tíminn til að byrja að æfa og komast í form. Árangurinn mun ekki láta á sér standa.</p>
<p>LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST </p> <p>Ljón sem hafa hug á að gera náði samband enn nánara ættu að taka af skarið og láta slag standa.</p>	<p>VATNSBERI 20. JANÚAR – 18. FEB. </p> <p>Togstreita hefur verið milli vinnu og heimilis sem nú sér loks fyrir endann á. Nú ætti vatnsberinn að geta gefið báðu næga athygli.</p>
<p>MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER </p> <p>Farðu varlega í að treysta fólk fyrir leyndarmálum, þau gætu auðveldlega borist til rangra eyrna.</p>	<p>FISKAR 19. FEBRÚAR – 20. MARS </p> <p>Komdu sem mestu í verk síðustu vikunar febrúar. Mars verður annasamur mánuður og ekki mikill tími til framkvæmda.</p>

Nýtt frá dr. Gillian McKeith,
NÆRINGARSKOT
LIQUID NUTRIENT SHOT



Hráir og óunnir blágrænir þörungar í vökvaformi. Næringarefnin í þörungnum eins vítamín, steinefni, prótein, amónísýrur og fitusýrur nýtast allt að 90% þar sem þeir eru í vökvaformi.

"Næringarskotið er orkubomba einstaklega næringarríkt, meltanlegt og nýtanlegt jurtabætiefni sem heldur mér og sjúklingum mínum orkumiklum og HRAUSTUM, Gillian...

Droparnir eru einstaklega ríkir af steinefnum, próteinum og vítamínum. Mjög mikið er af B-12 vítamíni, eitt það mesta sem hægt er að fá úr náttúruríkinu. Hentar öllum frá eins árs.

Liquid Nutrient Shot hentar m.a.:

- Gegn sveppasýkingu (kandíta)
- Til að styrkja ónæmiskerfið (t.d. eldra fólk, á meðan veikindum stendur, eftir veikindi og við orkuleysi)
- Til að byggja upp blóðið (B12 ríkt)
- Þeim sem sækja í sykur (jafnar blóðsykur)
- Til þyngdarstjórnunar (takist háltíma fyrir mat)
- Til að bæta meltinguna (styrkir líffærin)
- Við leiða og þreytu
